

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Lindargötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 19. ágúst 2022

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um heimildir einkaaðila til að birta gögn í stafrænu pósthólfi

Ég hef, f.h. Lögheimtunnar ehf. annars vegar og Motus ehf. hins vegar, kynnt mér drög að reglugerð um heimildir einkaaðila til að birta gögn í stafrænu pósthólfi, sem voru birt til umsagnar 6. júlí sl.

Að mínu mati á ráðuneytið hrós skilið fyrir að hafa stigið það skref að gefa lögmönnum sem stunda löginheimtu aðgang að stafrænu pósthólfi stjórnvalda. Ég tel engan vafa leika á að það mun verða til mikilla heilla fyrir alla hlutaðeigandi, lögmennina sjálfa og móttakendur upplýsinganna.

Á sama tíma og ég lýsi yfir mikilli ánægju með þá breytingu vil ég benda á að gríðarleg tækifæri eru í að opna á þann möguleika að tilkynningar í frum- og milliinnheimtu verði á stafrænu formi, í stað þess sem nú er áskilið, sem er að senda þær í almennum pósti án þess að kveðið sé á um tæknilegt hlutleysi eins og er gert víða, til að mynda í Noregi.

Ef þessar tilkynningar koma í stafræna pósthólfi verða hagsmunir greiðenda – sem í flestum tilvikum eru neytendur – mun betur tryggðir, upplýsingaöryggi eykst verulega sem og vernd persónuupplýsinga, svo ekki sé minnst á jákvæð umhverfisáhrif, en fjöldi bréfa sem er sendur í frum- og milliinnheimtu er gríðarlegur. Engin sérstök áhætta ætti að fylgja því að veita innheimtuaðilunum aðgang að stafræna pósthólfinu, en starfsemi þeirra er almennt leyfis skyld og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Þar af leiðandi tel ég mikilvægt að hafa þessi atriði í huga þegar breytingar á reglugerðinni verða gerðar síðar. Best færi eflaust á að gera þær samhliða breytingum á innheimtulöggjöfinni og eftir atvikum öðrum sérlögum.

Ef ráðuneytið óskar eftir er sjálfsagt að eiga við það samtal til að ræða tækifæri til frampróunar á þessu sviði.

Virðingarfyllst,

f.h. Lögheimtunnar ehf. og Motus ehf.

Þorsteinn Júlíus Árnason, lögmaður